

Nd.

196. Nefndarálit

[143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Á árunum 1975 til 1980 var hljótt um það á Alþingi af hálfu annarra en talsmanna Alþýðubandalagsins að endurskoða þyrfti samninga um álverið í Straumsvík, m. a. til að tryggja sanngjarnt raforkuverð frá þessu fyrirtæki sem lengi vel fékk um helming af raforku Landsvirkjunar.

Þann 9. desember 1980 samþykkti þáverandi ríkisstjórn tillögu undirritaðs um að teknar yrðu upp samningaviðræður um endurskoðun gildandi samninga milli Alusuisse og Íslands, ekki síst með hækkun raforkuverðsins í huga, og jafnframt að óska eftir því við Alusuisse að fyrirtækið gæfi skýringar á þeim mikla verðmismun sem tengdist sölu á súráli frá Ástralíu til Íslands og hlaut heitið „hækkun í hafi“.

Með þeim viðtæku athugunum, sem þá höfðu farið fram á vegum iðnaðaráðuneytisins og aukið var við á árunum 1981—1983, var hnekktt þeirri blekkingu, sem Alusuisse hafði sett á svið með bókhaldskúnstum, að dótturfyrirtækið ÍSAL berðist í bökkum og álverið gæti ekki tekið á sig hærra raforkuverð eða auknar skattgreiðslur til íslenska ríkisins.

Á ýmsu hefur gengið um samningaumleitani og viðræður við Alusuisse undanfarin fjögur ár, en nú liggur fyrir Alþingi eftirtekjan af samningaviðræðum stjórnvalda við auðhringinn til þessa. Sjálfsgagt er að fagna breytingum sem nást fram til umtalsverðra bóta á viðskiptum við hinn erlenda aðila. Þær leiðréttingar á raforkuverði, sem fram koma samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi, eru vissulega ávinningur sem eins og annað í þessu máli hefur náðst fram og sótt efnisleg rök í málartilbúnað fyrri ríkisstjórnar.

Þegar hins vegar er litið til fyrirliggjandi frumvarps um lagagildi þriðja viðauka-samnings um álbræðsluna í Straumsvík í heild verður að telja að miðað við sterka málefnastöðu Íslands megin sé eftirtekjan ótrúlega rýr í þeim samningi sem hér er leitað eftir að Alþingi staðfesti.

Ákvæði frumvarpsins og samninganna sem því fylgja eru í heild sinni óviðunandi og mörg ákvæði stórkostlega varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni. Undirritaður er því andvígur frumvarpinu og leggur til að það verði fellt.

Afleiðingarnar af viðræðum þeirrar samninganefndar sem ríkisstjórnin skipaði, án minnstu tengsla við stjórnarandstöðuna, í júní 1983 liggja hér fyrir, staðfestar af iðnaðarráðherra og ríkisstjórninni í heild. Þær birtast m. a. í eftirfarandi staðreyndum sem frumvarp þetta hefur að geyma:

- Samið er til 20 ára um raforkuverð til álversins sem er langt undir framleiðslukostnaði og án verðtrygginga þannig að það rýrnar jafnt og þétt að raungildi á samningstímanum.
- Endurskodunarákvæði rafmagnssamningsins eru haldlítill og að líkindum verri en engin eins og um hnútana er búið.
- Breytt er mörgum þýðingarmiklum skattaákvæðum gildandi samninga og öllum til hagsbóta fyrir Alusuisse á sama tíma og viðræður eru á byrjunarstigi um breytt skattkerfi fyrir ÍSAL.

- Fallist er á kröfu Alusuisse um að mega framselja eigin dótturfélögum hlutafé í ÍSAL eða framselja til óskylds þriðja aðila 50% hlutafjárins en það er auðhringnum mikið hagsmunaaatriði.
- Ríkisstjórnin veitir Alusuisse ótímabundið loforð um forgang að raforku til að stækka álverið um helming ef saman gengur um raforkuverð og aðra skilmála sem ekkert liggur fyrir um nú hverjir verða.
- Fallið er frá kröfum íslenska ríkisins á hendur Alusuisse um viðbótarskatta vegna skattsvika ÍSALS sem að mati alþjóðlegra endurskoðenda nema a. m. k. tæpum 60 milljónum bandaríkjadala, eða um 2300 milljónum íslenskra króna, á árunum 1976—1983.
- Alusuisse er veitt fortakslaus syndakvittun gegn greiðslu 3 milljóna bandaríkjadala (120 milljóna ísl. kr.) sem í reynd er viðurkenning auðhringsins á skattsvikum fyrri ára og tapaðri stöðu fyrir dómnefndum vegna „hækkunar í hafi“ og annarra vanefnda á samningi.
- Þrátt fyrir ákvæði bráðabirgðasamnings aðila frá 23. sept. 1983 um að „ná endanlegu samkomulagi ekki síðar en 1. apríl 1984“ hefur Alusuisse tekist að undanskilja mikilvæga þætti (breytt skattkerfi, stækkun álversins) og styrkja þannig enn frekar stöðu sína að fenginni sakaruppgjöf.

Þau atriði, sem íslensk stjórnvöld geta talið til einhverra hagsbóta, þ. e. leiðrétting á raforkuverði og óbein viðurkenning á skattsvikum, hafa einvörðungu náðst fram vegna þeirrar sterku stöðu sem byggð var upp í tíð fyrri ríkisstjórnar en eru afar léttvæg miðað við ókosti þessa frumvarps.

Það segir sína sögu að Alþýðuflokkurinn, sem stóð á sínum tíma að álsamningunum og varði þá lengst af, hefur við meðferð þessa frumvarps í efri deild tekið eindregna afstöðu gegn ákvæðum þess, auk annarra flokka í stjórnarandstöðu eins og Samtaka um kvennalista.

Öll meðferð málsins af hálfu núverandi ríkisstjórnar er ámælisverð og Alþingi stendur nú frammi fyrir gerðum hlut og ósæmilegum þrýstingi er beitt til að þvinga málið í gegn án viðhlítandi þinglegrar meðferðar.

Hér á eftir verður varpað ljósi á nokkra þætti þessa máls um leið og vísað er til ítarlegs nefndarálits Skúla Alexanderssonar í efri deild frá 19. nóv. s.l. (þskj. 176).

Ósæmileg málsmeðferð.

Frumvarpið, sem hér liggur fyrir, er niðurstaða af *leynimakki* ríkisstjórnarflokkanna og samninganefndar þeirra við Alusuisse. Stjórnarandstaðan var útilokuð frá öllum samningaviðræðum í tíð núverandi ríkisstjórnar og fékk engar upplýsingar um gang mála fyrr en á lokastigi samninga og þá sem trúnaðarmál. Fjölmiðlar fengu heldur engar efnislegar upplýsingar og urðu að byggja á getgátum og brotum sem talsmenn ríkisstjórnarinnar töldu sér henta að láta kvisast um gang samningaviðræðna.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar áttu þingflokkar aðild að álviðræðunefnd sem fékk allar upplýsingar sem vörðuðu undirbúning og gang samningaviðræðna við Alusuisse. Álviðræðunefndin hélt 54 bókaða fundi á því eina og hálfu ári sem hún starfaði, 1981—1982, eða þar til Guðmundur G. Þórarinnsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, sagði sig úr henni 7. desember 1982. Þrátt fyrir aðild að álviðræðunefnd sá þingflokkur sjálfstæðismanna ástæðu til að kvarta undan ónógu samráði um málið með bréfi til undirritaðs, dagsettu 5. maí 1982. Þar sagði m. a.:

„Forsenda þess að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli er fullt samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum.“

Sjálfstæðisflokkurinn var fljótur að gleyma þessu heilræði frá eigin þingflokki eftir að ráðherra hans tók við lykklavöldum í iðnaðarráðuneytinu.

Minnt skal á að fljótlega eftir að álviðræðunefnd var skipuð á árinu 1981 hóf Alusuisse markvissar tilraunir til að sundra henni, m. a. í febrúar 1982 þegar auðhringurinn aflýsti fyrirvaralaust og einhliða viðræðufundi við nefndina. Þessi viðleitni Alusuisse hlaut þá þegar óvæntan stuðning frá fulltrúa Framsóknarflokksins í nefndinni.

Haustið 1982 fluttu þingmenn Sjálfstæðisflokksins tillögu á Alþingi um nýja viðræðunefnd við Alusuisse „til að Alþingi taki í taumana og veiti forustu í þeim viðræðum sem nú hafa farið út um þúfur við Alusuisse.“ — Skömmu fyrir þinglausnir í mars 1983 sameinuðust fulltrúar þriggja flokka í atvinnumálanefnd sameinaðs þings um að afgreiða tillögu Sjálfstæðisflokksins um viðræðunefnd við Alusuisse út úr nefndinni og var hún túlkuð af flutningsmönnum sem vantraust á undirritaðan. Um leið var tekið undir ýmsa þætti af óskalista auðhringsins, m. a. um stækkun álversins og nýjan hluthafa í ÍSAL.

Með þessu hafði skapast samstaða Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um álmálið fyrir **alþingiskosningarnar í apríl 1983** á grundvelli sem Alusuisse hafði rekið áróður fyrir til að skapa sér auðveldari samningsaðstöðu. — Á talsmönnum þessara flokka mátti helst skilja að þreföldun raforkuverðsins lægi á borðinu strax og skipt hefði verið um forustu í iðnaðarráðuneytinu.

Slíkir samningar reyndust hins vegar torsóttari en nýir valdhafar höfðu haldið fram og Alusuisse hagnýti sér stöðuna, sem upp var komin, til hins ýtrasta.

Í stað skjótrar heildarlausnar varð ríkisstjórn Steingrims Hermannssonar að láta sér nægja **bráðabirgðasamning** í september 1983 þar sem Alusuisse réð mestu um rammann sem dreginn var um framhaldið. Sværrir Hermannsson iðnaðarráðherra lýsti þessum bráðabirgðasamningi hins vegar sem „ótrúlegu afreki“.

Með bráðabirgðasamningi þessum náði Alusuisse m. a. fram eftirtöldu:
Að kippa skattadeilumálunum **úr gerðardómsmeðferð** og koma þeim í flókið dómnefndarkerfi.

Að fá samþykka **viðmiðun um frambúðarraforkuverð** þar sem tekið skyldi mið af samkeppnisstöðu ÍSALs og orkukostnaði áliðnaðar í Evrópu og Ameríku, en hvergi var minnst á framleiðslukostnað raforku á Íslandi.

Að fá yfirlýsingu um **gagnkvæman áhuga** um stækkun álversins þannig að afkastageta þess yrði tvöfölduð í tveimur áföngum.

Að fá **samþykki ríkisstjórnarinnar** fyrir að Alusuisse megi framselja hlutabréf sín í ÍSAL til eins eða fleiri dótturfélaga og allt að 50% af hlutafjáreign til óskylds þriðja aðila.

Þessi bráðabirgðasamningur gerði ráð fyrir „**endanlegu samkomulagi eigi síðar en 1. apríl 1984**“, einnig um endurskoðað skattkerfi og fleiri ákvæði.

Hvergi var í þessum bráðabirgðasamningi getið um tengsl milli skattdeilumálanna og endurskoðunar á frambúðarsamningum, enda virðist svo sem ríkisstjórnin hafi talið að sú leið, sem Alusuisse gerði tillögu um, með sérfræðinganefndum í stað samningsbundins gerðardóms, yrði skjótvirk og tæki aðeins fáa mánuði.

Markmið Alusuisse voru frá upphafi allt önnur, m. a.:

— Að knýja fram sakaruppgjöf í skattdeilunni og forða þannig auðhringnum frá áfellisdomi vegna „hækkunar í hafi“.

— Að kljúfa málið upp í marga þætti og tefla af hörku um hvern þeirra.

— Að tefja samninga enn frekar og hagnýta sér stöðuna gagnvart „annars konar heiðursmönnum“ sem nú sátu í ríkisstjórn og höfðu komið sér í erfiða samningsstöðu gagnvart auðhringnum.

Þessum markmiðum sínum hefur auðhringurinn nú náð fram með auðveldari hætti en nokkurn gat órað fyrir. Alþingi stendur frammi fyrir **bindandi samningi** sem það getur

aðeins samþykkt eða synjað, og settar eru eins konar dagsektir á alþingismenn við meðferð málsins í þinginu. Alusuisse hefur fengið sig hvítþvegið af öllum ávirðingum í samskiptum við Íslendinga til þessa dags án þess að heildstætt samkomulag liggi fyrir um efni bráðabirgðasamningsins frá haustinu 1983, m. a. er eftir að ganga frá stórum þætti eins og nýju skattkerfi og ósamið er um skilmála varðandi stækkun álversins í Straumsvík.

Sú staðreynd, að Alusuisse hefur með svo afgerandi hætti tekist að skipta upp samningamálum gagnvart ríkisstjórninni, er alvarlegasta og augljósasta brotalömin á samningsstöðu Íslands. Þegar svo í ljós kemur innihald þess hluta pakkans sem er afhjúpaður með þessu frumvarpi blasir við árangur auðhringsins af viðleitni hans til að deila og drottna í íslensku efnahags- og stjórnmalalífi á undanförunum árum.

„Hækkun í hafi“ staðfest.

Þegar ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens samþykkti kröfu um endurskoðun álsamninganna í desember 1980 hafði hún í höndum sannanir á hendur Alusuisse um kerfisbundið yfirverð á súráli sem auðhringurinn „hækkaði í hafi“ á leiðinni frá Gove í Ástralíu til Straumsvíkur. Mismunurinn á fob-verði súrálsmanna út úr Ástralíu og inn til Íslands nam hvorki meira né minna en 47,5 milljónum bandaríkjadala, eða nær 2000 milljónum íslenskra króna á árunum 1975—1980.

Á eftir fylgdu sérstakar úttektir á yfirverði á aðföngum, svo sem súráli og rafskautum, á tímabilinu 1975—1981 sem reyndist samtals nema 31,4 milljónum bandaríkjadala að mati Coopers & Lybrands.

Við endurskoðun á ársreikningum ÍSALs fyrir árin 1980 og 1981 voru reikningar fyrirtækisins enn fremur leiðréttir vegna afskrifta um samtals 4,4 milljónir bandaríkjadala. Samtals var þannig hagnaður ÍSALs á tímabilinu 1975—1981 35,8 milljónum bandaríkjadala meiri en ráða mætti af bókhaldi þess, að mati hinna alþjóðlegu endurskoðenda.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar endurákvæðaði fjármálaráðuneytið framleiðslugjald ÍSALs þann 10. febrúar 1983 og skuldfærði fyrirtækið alls um 6,6 milljónir dollara vegna árána 1976—1980. Með viðurlögum nam þessi krafa á ÍSAL um það bil 10,4 milljónum bandaríkjadollara vorið 1983. Þá ákvað Alusuisse að nota sér ákvæði aðalsamnings frá 1966 og vísa málinu í alþjóðlegan gerðardóm. Féllst iðnaðarráðuneytið á þá málsmeðferð fyrir sitt leyti með bréfi þann 9. maí 1983 og var málsundirbúningur hafinn vegna gerðardómsmálsins áður en ríkisstjórnarskiptin urðu 26. maí 1983.

Pví er við að bæta að við endurskoðun Coopers & Lybrands á ársreikningum ÍSALs fyrir árin 1982 og 1983 kom í ljós að fyrirtækið var enn með yfirverð á aðföngum, vanreiknað verð á seldu áli og of háar afskriftir. Nam heildarleiðrétting vegna ársreiknings 1982 samtals um 13,1 milljón og vegna 1983 9,6 milljónum bandaríkjadala. Þótt leiðréttingar þessar leiddu ekki til hækkaðra skatta þessi ár vegna taprekstrar ÍSALs, sem nam t. d. 11,5 milljónum dollara árið 1981 samkvæmt framlögðum reikningum, er ljóst að bókfærð skuldaför og vaxtagreiðslur geta haft áhrif á afkomu ÍSALs og þar með á skattgreiðslur ÍSALs á komandi árum. Bókfærð skuldaför ásamt lágu hlutfalli eigin fjármagns Alusuisse í ÍSAL (17,6% árið 1981) hefur einmitt leitt til hárra vaxtagreiðslna á liðnum árum, og þannig hefur Alusuisse m. a. reynt að draga úr skattgreiðslum fyrirtækisins.

Þegar litið er á leiðréttingar Coopers & Lybrands á bókhaldi ÍSALs öll umrædd ár, 1975—1983, kemur í ljós að þær nema samtals 58,5 milljónum bandaríkjadala, eða um 2300 milljónum ísl. króna skv. núverandi gengi (bandaríkjadalur = 39,50 ísl. kr.).

Þessi endurskoðun og leiðréttingar á bókhaldi álversins í Straumsvík hafa auk skattkröfu íslenska ríkisins leitt í ljós allt aðra og betri afkomu ÍSALs um 10 ára skeið en Alusuisse, sem eigandi fyrirtækisins, hefur viljað láta koma fram og er þó hægt að fullyrða að mat endurskoðendanna er mjög varfærnislegt, m. a. hvað snertir yfirverð á aðföngum.

Með þessu hafa íslensk stjórnvöld jafnframt rennt styrkum stöðum undir kröfur sínar um stórhækkaðar greiðslur fyrir raforku frá ÍSAL þótt þau rök hafi ekki verið hagnýtt sem skyldi við fyrirbyggjandi breytingar á rafmagnssamningi.

Hin umfangsmikla athugun á fjárreiðum ÍSALs, samningunum við Alusuisse og stöðu áliðnaðar á Íslandi, sem iðnaðarráðuneytið beitti sér fyrir á árunum 1979—1983, var **lykillinn að því að knýja fram endurskoðun álsamninganna**. Niðurstaða þessara athugana og sterk staða fyrir dómnefndum, þangað sem aðilar höfðu vísað skattdeilunum, gat allt fram á síðasta haust skapað viðspyrnu til að ná hagstæðum samningum við Alusuisse, **ef núverandi ríkisstjórn hefði haldið rétt á málum**.

Veikleikinn í málsmeðferð núverandi ríkisstjórnar var m. a. í því fólgin að þau pólitísku öfl, sem að henni stóðu, höfðu ætíð reynt að gera lítið úr skattsvikum og bókhaldsbrellum Alusuisse. Áhrifamiklir innlendir aðilar töluðu tíðum um ofsóknir undirritaðs á hendur audhringnum og óréttmætar ásakanir um „sviksamlegt athæfi“ þegar um var að ræða eðlilega hagsmunagæslu fyrir hönd íslenska ríkisins. *Það kom þeim á óvart þegar „hækkun í hafi“ lá skjalfest fyrir dómnefndum og Ísland reyndist hafa afar sterka stöðu í skattdeilunni þrátt fyrir málsmeðferð samkvæmt bráðabirgðasamningi*. Við þessar aðstæður, sem lágu fyrir á miðju sumri 1984, lokkaði Alusuisse samninganefnd íslensku ríkisstjórnarinnar inn á spor „réttarsáttar“ og sakaruppgjafar í skattadeilunni gegn greiðslu 3 milljóna bandaríkjadala (um 120 milljóna ísl. króna) og nokkurrar leiðréttingar á raforkuverði til ÍSALs umfram það sem Alusuisse hafði sýnt lit á fram að þeim tíma.

Jafnframt tókst Alusuisse að knýja fram margháttaðar breytingar á gildandi **skattreglum** sem allar voru audhringnum til stórfelldra hagsbóta á sama tíma og eftir voru skildir samningar um breytt skattkerfi.

Í **rafmagnssamningnum** tókst Alusuisse að halda leiðréttingu í algjöru lágmarki, bæði umsömdu viðmiðunarverði og ekki síður verðtryggingu og endurskoðunarákvæðum.

Þegar litid er yfir fyrirbyggjandi frumvarp með breytingum á aðalsamningi og fylgisamningum, ásamt „sáttargjörð“, verður ekki hjá því komist að álykta að **heildarsýn og samhæfingu hafi vantað við samningsgerðina af Íslands hálfu**. Inn í þetta kemur einnig leyndin og pukrið við samningsgerðina og það pólitíska hugleysi sem einkennt hefur samskipti núverandi ráðamanna íslenskra og Alusuisse um langt skeið.

Það er ekki aðeins að málsmeðferð og upplýsingum væri haldið leyndum fyrir stjórnarandstöðunni fram á síðustu stund, heldur var aðeins örfáum mönnum í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar leyft að fylgjast með gangi viðræðna. Iðnaðarráðherra virðist heldur ekki hafa sett sig nema mjög takmarkað inn í málavöxtu á hverjum tíma, ef marka má **mótsagnakenndar** og sumpart **rangar yfirlýsingar** hans í fjölmiðlum og á Alþingi. — Við þessar aðstæður var þess kannske ekki að vænta að betur tækist til en raun ber vitni. *Alusuisse hefur enn einu sinni tekist að hlunnfara Íslendinga í samningum, og Alþingi er ætlað að skrifa upp á niðurstöðuna með líkum hætti og eftir endurskoðun samninganna 1975*. Staðan er þess vegna að því leyti lakari nú en þá að ólokið er mikilsverðum samningsþáttum og óvissan þannig enn meiri um heildarniðurstöðu.

Hér verða á eftir dregin saman helstu atriði er varða fjóra meginþætti málsins: Sáttargerðarsamning, skattamál, rafmagnssamning og fyrirheitin um stækkun álversins.

Sáttargerðarsamningurinn.

Samningur þessi, sem birtur er á fylgiskjali V með frumvarpinu og undirritaður af iðnaðaráðherra og forstjórum Alusuisse, er lögfræðileg útfærsla á þeim ásetningi aðila „að binda enda á allan ágreining sín á milli og ná fullum og endanlegum sáttum um allar kröfur er uppi voru hafðar fyrir dómnefndunum, og um allar aðrar kröfur varðandi framleiðslugjald ÍSALs vegna árána 1976 til og með 1983, ásamt nokkrum öðrum kröfum . . .“

Samkvæmt honum er Alusuisse veitt **syndakvittun** vegna skattsvika ÍSALs og vantalins hagnaðar að upphæð 58,5 milljónir bandaríkjadala á umræddu tímabili **gegn greiðslu 3 milljóna bandaríkjadala** sem komi til lækkunar á skattinneign Alusuisse hjá ríkissjóði. Vísað er til breytinga á aðalsamningi skv. fylgiskjali A og breytinga á aðstoðarsamningi — rekstri samkvæmt fylgiskjali B og tekið fram að hvorki tilvist né efni þessara breytinga „felur í sér viðurkenningu af hálfu hvors aðila um sig að hann hafi brotið í bága við neitt ákvæði aðalsamningsins eða aðstoðarsamningsins — reksturs eða haldið fram neinni rangri túlkun á neinu þeirra ákvæða aðalsamningsins eða aðstoðarsamningsins — reksturs sem breyting tekur til.“

Frá **syndakvittuninni** er afar vandlega gengið í texta sáttargerðarsamningsins, m. a. með svofelldu orðalagi (bls. 49):

„Ríkisstjórnin samþykkir að leysa Alusuisse og ÍSAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, þar á meðal öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndunum, án þess að tæmandi sé talið, sem ríkisstjórnin hefur nokkru sinni átt, á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum sem ríkisstjórnin kann að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir árið 1984.“

Öllu rækilegar gat Alusuisse ekki bundið endana í þessari sáttargerð og eru þó atriði ótalin í þessum gjörningi þar sem kveðið er fastar að orði.

Í 9. lið þessa samnings segir:

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans.“

Þrátt fyrir þetta ákvæði var blekið varla þornað af undirskriftum frá 5. nóvember s. l. þegar framkvæmdastjóri ÍSALs, Ragnar S. Halldórsson, bauð starfsmönnum ÍSALs til veislu í tilefni þess að framleitt var milljónasta álonnið þann 7. nóvember s. l. og hafði m. a. þennan boðskap að flytja í ávarpi skv. endursögn Morgunblaðsins 16. nóvember 1984:

„Svo skemmtilega vill til að einmitt í dag lagði Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra samkomulagið fyrir Alþingi. Með því er endi bundinn á þær deilur sem fyrrverandi iðnaðarráðherra hóf á ofanverðum vetri 1980. Í fjölmiðlum hefur ranglega verið skýrt frá því að ÍSAL greiði skaðabætur að upphæð 3 milljónir dollara. Hið rétta er að skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði verður lækkuð um 3 milljónir dollara, sem samsvarar vöxtum af inneigninni frá 1975 þegar síðast var samið. Þetta var samþykkt með tilliti til þess mikla kostnaðar sem áframhaldandi málaferli hefðu haft í för með sér, og vegna þess, sem skiptir miklu máli, að leyfi hefur fengizt til stækkunar, að nánari skilyrðum uppfylltum. Ríkisstjórnin hefur jafnframt lýst yfir að Alusuisse og ÍSAL hafa ekki í neinu brotið gegn fyrri samningum, það er ágreiningurinn var um skilning á samningsákvæðum.“

Ekki er vitað til að forstjórinn hafi haft samráð við Sverri Hermannsson iðnaðarráðherra um þessa túlkun á sáttum aðila, en til margs er að vitna upp úr þessum samningi. — Hinu geta menn velt fyrir sér hvort líklegt sé að fyrirtæki reiði fram 120 milljónir ísl. króna telji það sig hafa hreinan skjöld.

Aðstoðarsamningur um rekstur.

Auk ákvæða um seilingarverð („arm's-length dealings“) við útreikning á nettóhagnaði ÍSALs skv. gr. 27.03 í aðalsamningi er **kveðið enn skýrar á um skyldur Alusuisse í þessu efni gagnvart ÍSAL í aðstoðarsamningi um rekstur**, sem er fylgisamningur með aðalsamningi og með lagagildi eins og aðalsamningurinn.

Þar segir í grein 2.03 um rekstur ÍSALs: „Alusuisse mun veita ÍSAL, að beiðni þess, ráðleggingar og aðstoð á sviðum fjárhagsmála og stjórnsýslu, og miðla þannig reynslu þeirri,

sem það öðlast við rekstur á þeim stöðum öðrum, er um getur í málsgrein 2.01, sem hér segir: . . . Tækni- og stjórnsýsluadstoð í sambandi við *útvegum hráefna og innkaup ÍSALs*, og skal aðstoð veitt með þjónustu tækni- og stjórnsýsludeilda Alusuisse í Sviss eða annars staðar. Í þessu skyni mun Alusuisse færa sér í nyt viðskiptasambönd sín og tengsl við þá aðila, sem kunna að hafa á boðstólum hráefni og vistir, *aðstoða ÍSAL*, eftir því sem við á, í samningaumleitunum þess og *á þann hátt og sérhvern annan*, sem tiltækur kann að vera, leitast við *að tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með beztu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru.*“

Þessi ákvæði þýða í raun að Alusuisse skuldbindur sig af skattaástandum til að útvega ÍSAL aðföng á besta fáanlegu verði og að hreinan hagnað ÍSALs skuli reikna út á grundvelli seilingarverðs milli óskyldra aðila. Fyrir þessa þjónustu er Alusuisse áskilin sérstök þóknun sem nemur 2,2% af veltu ÍSALs og er fyrirtækinu heimilt að draga þá upphæð frá hagnaði fyrir skatta.

Hér er um að ræða ákvæði sem **Jóhann Hafstein** iðnaðarráðherra vitnaði til í framsöguræðu sinni fyrir álsamningunum 1966, en á síðustu árum hafa staðið um þau harðar deilur milli Alusuisse og íslenskra stjórnvalda í tengslum við skattsvik ÍSALs.

Við umræður utan dagskrár í sameinuðu þingi 25. október s.l. um ný samningsdrög við Alusuisse lagði undirritaður nokkrar spurningar fyrir **Sverri Hermannsson** iðnaðarráðherra. Af því tilefni sagði ráðherra í umræðunni þann dag:

„Síðan kemur fjórða spurning:

„Hefur í núverandi samningsdrögum við Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. ákvæði aðstoðarsamningsins um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum? **Svarið er nei.**“

Þegar frumvarpið síðan var lagt fyrir Alþingi 7. nóvember s.l. kom í ljós að **ráðherra hafði farið með staðlausa stafi** varðandi **skattareglur**, sem breytt er í veigamiklum atriðum með breytingum á aðalsamningi, og **sérstök breyting** er gerð á tilvitnuðu ákvæði aðstoðarsamnings um rekstur. Um breytinguna, sem er að finna í fylgiskjali B með frumvarpinu, segir svo í athugasemdum með lagafrumvarpinu:

„Með breytingu þessari er það gert ótvírætt, að umrædd ákvæði 2.03 (c) um „bestu skilmála“ eigi við í þeim tilvikum, þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup **hjá þriðja aðila**, en EKKI þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteyppunnar. Frá sjónarmiði Alusuisse skiptir þessi túlkun ákvæðisins ekki aðeins máli gagnvart ríkisstjórninni, heldur einnig gagnvart hugsanlegum samstarfsaðila í ÍSAL samkvæmt hinum nýju ákvæðum þar um, og hefur fyrirtækið því lagt áherslu á að fá aðstoðarsamningnum breytt að sinni.“

Þessi breyting er þeim mun afdrifaríkari sem um sáralítill kaup er að ræða á hráefnum til ÍSALs frá þriðja aðila, þ. e. öðrum en Alusuisse. **Hér er því verið að leysa auðhringinn undan þungri fjárhagslegri skuldbindingu** og nánast verið að lögheimila yfirverð („transfer pricing“) á aðföngum til álversins.

Þegar undirritaður innti iðnaðarráðherra eftir því við 1. umræðu um málið í neðri deild 21. nóvember s.l. hverju þetta sætti í ljósi staðhæfinga hans í sameinuðu þingi 25. október s. l. svaraði ráðherra m. a. með þessum orðum:

„En það er eitt atriði í máli hv. 5. þm. Austurl. sem ég get auðvitað ekki látið liggja í þagnargildi, heldur óska eftir því að það atriði verði sérstaklega rannsakað af iðnn., og það eru fullyrðingar hans og áburður um að ég hafi vísvitandi farið með rangt mál í svörum mínum við fsp. frá honum sem hann varpaði fram í utandagskrárumr. hinn 25. okt. s.l. En þar var 4. spurning í fyrirspurnalista hans á þessa leið:

Hefur í núverandi samningsdrögum Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um

breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. ákvæði aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum? Það hafði engin breyting verið lögð fram við aðstoðarsamninginn 25. okt. Ég bið hv. þm. að nótara það hjá sér hvort það hafi ekki fyrst komið fram aðfaranótt hins 3. nóv. að breyting væri gerð á aðstoðarsamningi um þetta efni. Þetta er það fyrsta og ég óska eftir því sérstaklega að nefndin kalli Hjört Torfason hrl. á sinn fund til þess að útskýra þessi ákvæði nákvæmlega, vegna þess að auðvitað get ég ekki stundinni lengur legið undir áburði um það að ég hafi farið með rangt mál. Og ég bið nú hv. þdm. að hugleiða hvernig það má vera að ég hefði hagað mér þannig vísitandi hafandi það alveg fyrir augum að slík sviksemi í orðum og athöfnum mundi upp koma á borð manna innan tíðar þar sem ég átti það auðvitað fyrir höndum að leggja alla samningsgerðina fyrir hið háa Alþingi.

En ég vil enn fremur minna á að þessi breyting á aðstoðarsamningnum er málsútlitun og skilningur, lagaleg túlkun okkar lögfræðinga á umræddu ákvæði í aðalsamningi, 27.03, og ég ítreka og endurtek: það er túlkun Hjartar Torfasonar og lögfræðilegra ráðunauta okkar á ákvæðinu í aðalsamningi sem þarna er tekið fram í breytingunni á aðstoðarsamningnum. Þess vegna er það heldur ekki breyting á honum, sem þarna er komin fram, heldur lagaleg útlitun okkar manna — um þetta var þrætt af miklum móð á sínum tíma — og skilningur á þessari grein. Með þessari breytingu, sem ekki er efnisbreyting, er það gert ótvírætt að umrætt ákvæði, 2.03 (e) um bestu skilmála, eigi við í þeim tilvikum þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Gamla aðalsamninginn skilja okkar lögfræðiráðunautar og túlka á þessa vísu. Þetta er auðvitað ekki breyting, heldur útlitun, tekin af tvímæli. En ég endurtek: Þetta var ekki þegar ég svaraði hv. þm. (**Gripið fram í:** Hver fór fram á breytinguna á þessu, hæstv. ráðh.?) Ég fer fram á það að nefndin rannsaki þetta mál gaumgæfilega og fái þær upplýsingar og kalli á samninganefndarmennina, að vísu á einn hv. þm. sæti í þeirri nefnd, formanninn og Hjört Torfason.“

Í iðnaðarnefnd neðri deildar var leitast við að komast til botns í þessu furðulega máli og skyggnast bak við staðhæfingar iðnaðarráðherra um að hér sé á ferðinni „málsútlitun og skilningur, lagaleg túlkun okkar lögfræðinga á umræddu ákvæði í aðalsamningi, 27.03, og enn fremur þar sem ráðherra segir: „Þetta er auðvitað ekki breyting, heldur útlitun, tekin af tvímæli.“

Á fundum iðnaðarnefndar neðri deildar komu m. a. Jóhannes Nordal, formaður samninganefndar ríkisstjórnarinnar, Hjörtur Torfason lögmaður og Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra. **Af svörum þeirra við fyrirspurnum í nefndinni virðist atburðarásin í þessu afdrifaríka máli hafa verið þessi:**

Á fundum samningsnefnda aðila í júlímánuði 1984 var sáttargjörð til umræðu til lausnar á deilum aðila í tengslum við heildarsamkomulag, m. a. um breytt skattkerfi og raforkuverð. Inn í þá mynd tefldi Alusuisse kröfu sinni um að verða leyst undan skilmálum samninga um „bestu skilmála“ varðandi aðföng til ÍSALs. Rætt var um að taka það ákvæði inn í tengslum við breytingu á aðalsamningi. Í september s.l. varð að ráði að undanskilja samninga um breytingu á skattkerfi og hverfa þar með frá því að ná heildarsamkomulagi. Iðnaðarráðherra kvaðst hafa lifað í þeirri trú að þar með væri kröfunni um breytingu á ákvæðinu um „bestu skilmála“ ýtt út af samningsdrögum um sinn, og ofangreindir viðmælendur staðhæfa að sú krafa hafi **ekki** verið inni í þeim samningsdrögum sem samninganefndir gengu frá 9. október s. l. og kynnt voru í þingflokki framsóknar- og sjálfstæðismanna, svo og í ríkisstjórn.

Hins vegar **synjaði iðnaðarráðherra beiðni undirritaðs um að fram yrðu lagðar í iðnaðarnefnd fundargerðir og samþykkt minnisblöð** frá fundum samninganefndar ríkisstjórnarinnar við Alusuisse, þannig að á grundvelli slíkra gagna var ekki unnt að fá skorið úr um þróun mála í samningaviðræðunum.

Eftir að samningsdrög voru frágengin 9. október s. l. áttu lögfræðingar aðallega eftir að fjalla um orðalag í ýmsum greinum. Hjörtur Torfason, lögfræðilegur ráðunautur iðnaðarráðherra, fór þeirra erinda til New York um mánaðamót október—nóvember s.l. til fundar við lögmennt Alusuisse. Á fundi 3. nóvember, tveimur dögum áður en samningana átti að undirrita í Zürich, reisir Alusuisse enn á ný kröfuna um breytingu á aðstoðarsamningi um rekstur og gerir hana að úrslitakröfu, ef ganga eigi frá sáttargjörð og öðrum atriðum samkomulagsins frá 9. október. Um þetta stóð þóf í símtölum umræddan dag, 3. nóvember, en ráðherra ætlaði að halda utan daginn eftir. Að lokum gerði Hjörtur Torfason tillögu um það til ráðherra í símtali kl. 01.30 aðfaranótt 4. nóvember að íslenskum tíma að fallist yrði á kröfu Alusuisse með því orðalagi sem er að finna í frumvarpinu og féllst ráðherra á það á elleftu stundu fremur en að láta brjóta á þessu atriði. Þannig hafði Alusuisse sitt fram með gamalkunnugri samningatækni sem íslensk stjórnvöld ættu að vera farin að átta sig á.

Aðspurður sagðist iðnaðarráðherra telja þetta „stóra veikingu á þessum ákvæðum“ gildandi samninga, og greinir hann þar að því er virðist á við suma ráðgjafa sína.

Um aðrar breytingar á skattareglum hafði iðnaðarráðherra það helst að segja í iðnaðarnefnd að þær hefðu allar verið lengi inni í myndinni og hann hefði ekki haft aðstöðu til að fara nákvæmlega ofan í þær sakir áður en hann svaraði fyrirspurn minni um „ádrátt um breytingar á skattareglum“ neitandi í sameinuðu þingi þann 25. október s. l.

Aðrar breytingar á skattaákvæðum.

Þótt telja megi breytinguna á aðstoðarsamningi um rekstur afdrifaríkustu breytinguna varðandi skattamálefni ÍSALS skv. þessu frumvarpi vega nokkur önnur atriði einnig þungt í þessu samhengi. Þeim voru gerð ítarleg skil í nefndaráliti Skúla Alexanderssonar í efri deild (þskj. 176) og verða hér aðeins rifjuð upp aðalatriði og bent á líklegar afleiðingar þessara breytinga varðandi skattlagningu ÍSALS.

1) **Fyrningar.** Í aðalsamningi um álverið í Straumsvík er einvörðungu kveðið á um 15 ára afskriftartíma, en eftir að Alusuisse loksins kom upp mengunarvarnabúnaði hjá ÍSAL eftir mikið þref við stjórnvöld hefur auðhringurinn gert kröfu til að *afskrifa þennan búnað á 8 árum í stað 15 ára*. Þetta skiptir nokkrum milljónum dollara á ári, með samsvarandi tekjutapi fyrir ríkissjóð í sköttum, a. m. k. tímabundið. *Samkvæmt frumvarpinu er fallist á ofangreinda kröfu Alusuisse*. Að mati Ríkisendurskoðunar er hér um tekjutap eða tilfærslu að ræða sem reiknuð á leiðréttan grundvöll ársreikninga ÍSALS fyrir 1980 svarar til um 900 þús. bandaríkjadala eða 35 milljóna íslenskra króna.

2) **Varasjóðir og viðurlög.** Samkvæmt grein 2.03 í frumvarpinu er látið undan kröfu Alusuisse um fullt frelsi varðandi *varasjóð að 20% markinu, svipað og hjá íslenskum félögum*. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði slík heimild þýtt um **1 milljón bandaríkjadala** (40 milljón íslenskra króna) lægri skatta ÍSALS á árinu 1980, að teknu tilliti til leiðréttinga Coopers & Lybrands.

Þá felur greinin það einnig í sér að ÍSAL verður eini skattþegninn hérlendis sem ekki skal sæta viðurlögum vegna óframtalins og ógreidds framleiðslugjalds.

3) **Endurskoðun ársreikninga.** Samkvæmt grein 2.04 í frumvarpinu er enn látið undan kröfum Alusuisse og reynt með afdráttarlausu orðalagi að taka fyrir það að íslensk skattfyrirvöld geti leiðrétt ársreikninga ÍSALS, hvað skattbyrði snertir, aftur í tímann. Segir þar m. a.:

Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig kynntar ÍSAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ÍSALS fyrir umrætt ár eftir 1. september á endurreikningsárinu.

Með slíku ákvæði væri fullvalda ríki að afsala sér mikilvægum rétti sem felst í skattmatinu.

4) **Skuldajöfnun við skattinneign.** Í grein 2.07 í frumvarpinu er enn látið undan kröfum Alusuisse og *afturkallað með lögum bréf fjármálaráðherra* frá 10. febrúar 1983, þar sem skattinneign ÍSALS var tæmd og meira en það með skuldajöfnun vegna endurákvæðra skatta. Jafnframt er þessi skattinneign, sem lögð var til Alusuisse gegn ráðum lögmanna íslensku ríkisstjórnarinnar við endurskoðun samninga 1975, látin bera hæstu dollaravexti til þessa dags, þannig að hún er nú komin í um 7 milljónir dollara. **Sáttargreiðslan, 3 milljónir dollara, jafngildir þannig aðeins vöxtunum sem bæst hafa ofan á þessa innstæðu Alusuisse hjá ríkissjóði frá árinu 1975 að telja.**

Öll þau dæmi, sem hér hafa verið rakin, sýna hversu hrapallega hefur til tekist um skattaákvæði í þessari samningsgerð, þar sem **Ísland hopar í öllum greinum fyrir kröfum auðhringsins.** Þó er ósamið með öllu um breytingar á skattakerfi, þannig að Alusuisse fær hér viðurkennd stór hagsmunatriði í forgjöf.

Rafmagnssamningurinn.

Þær breytingar, sem er að finna við rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og ÍSALS á fylgiskjali A með frumvarpinu, fela m. a. í sér eftirfarandi:

1. Rafmagnssamningurinn *gildir í 20 ár* eða til haustsins 2004. *Endurskoðunarákvæði* samningsins, sem gera ráð fyrir að báðir aðilar, Landsvirkjun og ÍSAL, geti óskað endurskoðunar á 5 ára fresti, eru *mjög veik fyrir Landsvirkjun* og háð afar mikilli óvissu. Er álitamál hvort þau eru betri en engin eins og um hnútana er búið að þessu leyti í samningnum.
2. *Raforkuverðið* verður á bilinu 12,5—18 mill/kwst. að nafnvirði á samningstímanum í samræmi við tiltekna vísitölu fyrir þróun heimsmarkaðsverðs á áli. Svarar verðtrygging innan rammans til um 65—75% af verðhækkunum álverðs, en fari vísitalan út fyrir viðmiðunarmörk, 0,75—1,55, þar sem 1,00 svarar til meðalverðs á árinu 1983 og fyrri árshelmingi 1984, *er ekki um neina verðtryggingu rafmagnsverðsins að ræða. Hámarks- og lágmarksákvæðin, 12,5 mill og 18,5 mill, eru algjörlega óverðtryggð.* Miðað við alþjóðlega verðbólguþróun, sem sérfræðingar Landsvirkjunar gera ráð fyrir, verður **hámarksverðið komið niður í um 6 mill við lok samningstímans og lágmarksákvæðið í um 4 mill.**
3. Að mati Landsvirkjunar, sem byggir á spám ráðgjafa um líklega þróun álverðs, *er gert ráð fyrir að samningurinn geti gefið meðalverðið 13,7 mill/kwst. á næstu 5 árum á verðlagi ársins 1984.* Allt tal um 15 mill sem eitthvert grunnverð í þessum samningi er út í hött.
4. Rafmagnssamningurinn er *langt frá því að skila meðalframleiðslukostnaðarverði eins og það hefur verið í kerfi Landsvirkjunar undanfarin ár, þ. e. nálægt 20 mill/kwst. og áætluðum meðalframleiðslukostnaði á næstu árum, sem að teknu tilliti til allra þátta, svo sem vaxta af eigin fé og 6% raunávöxtunarkröfu, gæti numið um 23 mill/kwst.*
Sé slegið af raforkuverði til stóriðju þannig að það nemi um 67% af verði til almenningsveitna þyrfti orkuverðið að nema um 19 mill/kwst. Svipuðu máli gegnir ef miðað er við endurnýjunarverð raforku frá nýjum virkjunum: **18—20 mill er það raforkuverð sem þyrfti að fást að lágmarki frá ÍSAL miðað við núgildandi verðlag.**
5. Með sérstöku bréfi um samkomulag, dags. 5. nóv. 1984, á fylgiskjali VI með frumvarpinu er sérstök ótímasett bókun þar sem Alusuisse er veittur **forgangsréttur að frekari orku til stóriðju hérlendis í sambandi við ráðgerða stækkun álversins.**

Fulltrúi Alþýðubandalagsins í stjórn Landsvirkjunar, Ólafur Ragnar Grímsson, greiddi atkvæði gegn þessum rafmagnssamningi í stjórn Landsvirkjunar 1. nóvember 1984 og lét sérstaka bókun fylgja um afstöðu sína.

Á heildina litið er rafmagnssamningurinn algjörlega ófullnægjandi fyrir Landsvirkjun.

Þeim mun undarlegri er sú umsögn frá forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaða breytingu á rafmagnssamningnum sem fylgir með frumvarpinu. Þessir starfsmenn Landsvirkjunar sjá ekkert aðfinnsluvert við rafmagnssamninginn, en **aðstoðarforstjórinn** var einn þeirra sérfræðinga sem fjölluðu um málið á vegum samninganefndar ríkisstjórnarinnar.

Af framkomnum gögnum um viðmiðunarverð raforku, sem fram voru lögð í nefndinni, kemur í ljós að það meðalverð á raforku til áliðnaðar, sem kynnt hefur verið og rætt er um í greinargerðum og umsögn Landsvirkjunar með frumvarpinu, þ. e. **14,6 mill í Evrópu og 20,4 mill í Norður-Ameríku, er samsett úr verði til skyldra sem óskyldra aðila. Væri miðað við orkuverð milli óskyldra aðila (óbundna orku), svo sem eðlilegt verður að teljast, samkvæmt framlögðum gögnum í nefndinni, er um að ræða raforkuverð nálægt 26 mill í Norður-Ameríku og 16—17 mill í Evrópu.**

Það sýnir vel hversu afdrifarík ákvæði bráðabirgðasamningsins frá 23. september 1983 eru varðandi viðmiðun á orkuverði að íslenska samninganefndin skuli hafa séð sig tilknúna að taka með **bundna orku**, þ. e. milli skyldra aðila, inn í samanburðinn á raforkuverði til álvera.

Á svipaðan hátt liggur fyrir að **sjónarmið Alusuisse** varðandi **óhagræði** þess að starfrækja álbræðslu á Íslandi í samanburði við álver á meginlandi Evrópu og í Norður-Ameríku **hafa orðið algjörlega ofan á**. Þetta óhagræði er metið skv. frumvarpinu á 4 mill umreiknað í raforkuverð miðað við Evrópu og 5 mill gagnvart Norður-Ameríku. Sjónarmið íslenskra sérfræðinga voru að þessu leyti 1,7 mill gagnvart Evrópu og 3,1 mill gagnvart Norður-Ameríku, en voru kveðin í kútinn af Alusuisse sem sýndi tölurnar 5,8 og 6,8 mill í þessu sambandi. Þar á meðal taldi Alusuisse vægi *launakostnaðar* í álbræðslu á Íslandi íþyngjandi miðað við Evrópu sem nemur 30 dollurum á tonn!

Forsendurnar og átökin um raforkuverðið sýna ljóslega hver hefur sett leikreglurnar í þeim viðræðum sem leitt hafa til þeirrar endurskoðunar á rafmagnssamningi sem hér liggur fyrir.

Stækkun álversins.

Í bráðabirgðasamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 23. september 1983, sem skv. „bréfi um samkomulag“ frá 5. nóv. 1984 (fskj. VI) „verður áfram í gildi samkvæmt ákvæðum sínum“, segir m. a. um „stækkun á bræðslunni“ (grein 3.2):

„Aðilarnir staðfesta hér með gagnkvæman áhuga sinn á því að stækka bræðsluna svo fljótt sem við verður komið um 80 megawatta málraun, sem svarar um það bil 40 000 tonna afkastagetu, og að fylgja þessu síðar meir með annarri stækkun í sama mæli . . . Ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að afla stuðnings Landsvirkjunar til þess að látið verði í té nægilegt rafmagn fyrir þessar stækkanir og að leita allra heimilda sem við þarf til að gera ÍSAL kleift að byggja og reka stækkunaráfangana.“

Í samkomulagsbréfinu frá 5. nóv. 1985 er sérstaklega fjallað um **fyrri stækkunaráfangann**. Þar segir að „... svo fljótt sem við verður komið“ . . . „mun ríkisstjórnin afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi afhendingu á raforku frá Landsvirkjun til þeirrar stækkunar.“ Gert er ráð fyrir skjótu svari Alusuisse og að taka sameiginlega upp aðgerðir til að leita að þriðja aðila ef saman gengur um skilmála.

Fram hefur komið frá iðnaðarráðherra í umræðum á Alþingi nýlega um þetta mál að **engin marktæk athugun hefur farið fram** á því hvort það sé þjóðhagslega skynsamlegt fyrir Íslendinga að fjárfesta í virkjunum til að selja raforku til stækkunar álversins í Straumsvík og hleypa þeim umsvifum, er stækkuninni fylgja, inn í íslenskt efnahagslíf. Svo virðist sem hér ráði nær einvörðungu draumar nokkurra aðstandenda Landsvirkjunar um orkusölu til

slíkrar stækkunar og að sjálfsögðu ásókn Alusuisse í að tryggja sér meiri hlut í ódýrri raforku og góðu vinnuafli hérlandis.

Með ólíkindum verður að teljast að stjórnvöld vinni að slíku máli án þess að fram fari vandaðar úttektir á gildi slíkra fjárfestinga með fullri hliðsjón af kostum í íslensku atvinnulífi, þar á meðal í orkunýtingu á vegum Íslendinga sjálfra.

Stækkun álversins um 40 þúsund tonn mundi kalla á auknar orkuframkvæmdir Landsvirkjunar sem næmi um **600 gígawattstundum**, en það svarar nærri því til allrar raforkuframleiðslu frá virkjun á borð við Blönduvirkjun. Hver gígawattstund kostar Landsvirkjun um það bil 200 000 bandaríkjadali í stofnkostnað (þ. e. um 200 mill á kwst. á ári). **Heildarkostnaður Landsvirkjunar** vegna þessarar stækkunar yrði því um 120 milljónir bandaríkjadala eða um **4800 milljónir ísl. króna**. Þessi fjárfesting mundi einungis gefa um 100—150 ný störf í álverinu í Straumsvík.

Okkur ber að spyrja hvort við Íslendingar höfum efni á því að ráðast í slíka fjárfestingu, m. a. með tilliti til allra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar um þessar mundir. Væri ekki unnt að nýta þessa fjármuni með skynsamlegri hætti í annarri atvinnuuppbyggingu, sem gæfi okkur meiri arð af fjárfestingu og margfalt fleiri störf, auk kosta sem til staðar kunna að vera í innlendri orkunýtingu?

Það hlýtur einnig að vekja nokkra undrun, **að ríkisstjórn sem boðar óhefta markaðs-stefnu á flestum sviðum skuli veðja nánast blindandi á einn aðila eins og Alusuisse** og gefa honum forgang í orkunýtingu hér á landi á næstu árum. Hér er ekki látið reyna á samkeppni aðila um orkukaup á forsendum orkusölustefnunnar sem Sjálfstæðisflokkurinn mælir svo eindregið með.

Út frá byggðasjónarmiðum verður einnig að teljast fráleitt að láta stóriðjuuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu hafa forgang og fjárfesta nær 5 milljarða í því skyni í orkuveru, að líkindum á Suðurlandi.

Einnig er óhjákvæmilegt að spyrja hvort Alusuisse hafi komið þannig fram gagnvart Íslendingum á liðnum árum að sjálfsagt sé að veita auðhringnum forgangsrétt að íslenskum orkuauðlindum. Tæknilega og rekstrarlega virðist Alusuisse standa höllum fæti í samanburði við önnur stórfyrirtæki í áliðnaði.

Brýnt er að víðtæk umræða fari fram um þau áform um stækkun álversins í Straumsvík sem virðast vera á hægra brjósti ríkisstjórnarinnar varðandi atvinnuþróun á næstu árum.

Af því sem hér hefur verið rakið varðandi efni fyrirbyggjandi frumvarps ætti að vera ljóst að ríkisstjórnin hefur haldið afar illa á málum í samningaviðræðunum við Alusuisse. Sterkri samningsstöðu hefur verið glutrað niður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Leiðrétting á raforkuverði er jákvæð svo langt sem hún nær, en Alusuisse er þegar á góðri leið með að hafa upp á móti þeim tilslökunum í öðrum þáttum samninganna.

Alþingismenn ættu að sameinast um að fella þetta frumvarp og leita samstöðu um þá miklu hagsmuni sem hér eru í húfi.

Alþingi, 27. nóvember 1984.

Hjörleifur Guttormsson.